



2. desember 2020
2011117

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt (frádráttur) 29. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 18. nóvember 2020 þar sem óskað var eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (29. mál).

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til markmiða frumvarpsins að því leyti sem þau lúta að sértækum aðgerðum í skattamálum en verði frumvarpið samþykkt þyrfti þó að huga að eftirfarandi.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur heimild til frádráttar til fjárfestinga í „*hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í hlutabrefum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga*“.

Í fyrsta lagi er ekki ljóst hver tilgangurinn er með því að takmarka gildissvið töluliðarins við verðbréfasjóði þegar stór hluti sjóða sem starfræktir eru á Íslandi sem heimilt er að markaðssetja til almennings og fjárfesta eingöngu/meginstefnu til í hlutabrefum eru reknir í formi fjárfestingarsjóða. Gera má ráð fyrir að slíkt valdi hvata til að velja verðbréfasjóði fram yfir fjárfestingarsjóði.

Í öðru lagi er orðalagið í ákvæðinu takmarkað við hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þó að íslenskir verðbréfasjóðir séu eingöngu reknir á formi hlutdeildarsjóða þá eru verðbréfasjóðir á EES-svæðinu reknir á ýmsum öðrum félagaförum. Eðlilegar væri því að ákvæðið taki til fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða.

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur það til „*hlutdeildarskírteina hlutabréfasjóða*“. Orðalagið „*hlutdeildarskírteini hlutabréfasjóða*“ er ekki í samræmi við viðtekna hugtakanotkun í félagarétti. Hlutdeildarskírteini eru aðeins gefin út af sjóðum sem eru reknir í formi hlutdeildarsjóðs og gefa ekki út hlutabréf en sjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutafélög og samlagshlutafélög) gefa ekki út hlutdeildarskírteini. Endurskoða þyrfti því orðalag töluliðarins hvað þetta varðar og einnig þyrfti skilgreina hugtakið „*hlutabréfasjóður*“ í skilningi ákvæðisins.

Þá er ekki ljóst hvort markmið ákvæðis 3. töluliðar sé að frádrátturinn nái til fjárfestingar í sjóðum sem eru skráðir á markaði óháð fjárfestingarstefnu þeirra eða sjóðum sem hafa skráð hlutabréf eða hlutdeildarskírteini á markaði og fjárfesta eingöngu í hlutabréfum. Kröfu um 100% fjárfestingu væri heppilegt að setja fram með þeim hætti að eingöngu væri heimilt að fjárfesta í hlutabréfum eða öðrum sjóðum sem eingöngu er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum samkvæmt fjárfestingarstefnu í stað þess að miða við raunfjárfestingar sjóðanna. Að öðrum kosti gæti krafan valdið vandkvæðum í framkvæmd og sett sjóðum of þröngar skorður hvað varðar tímasetningar fjárfestinga og áhættustýringu. Einnig verður að hafa í huga að einstaklingur sem fjárfestir í slíkum sjóði hefur engin tök á að fylgjast með raunfjárfestingum sjóðs yfir allt árið.

Endurskoða þyrfti því orðalag töluliðarins í ljósi þessara athugasemda.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að „*Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 100% áf verðmæti keypra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærri en 250.000 kr. hjá einstaklingi og 500.000 kr. hjá hjónum.*“. Ekki er ljóst hvort skilyrðið um að verðmæti keypra hlutabréfa sé meira en seldra hlutabréfa taki til sölu á öllum hlutabréfum eða aðeins til sölu hlutabréfa þar sem þriggja ára eignarhaldsskilyrði 3. mgr. 1. gr. hefur ekki verið náð. Að sama skapi er ekki ljóst hvers vegna orðalag ákvæðisins er takmarkað við hlutabréf og tekur ekki til hlutdeildarskírteina.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tilgreint hvernig fara skuli með þegar fjárfestir ráðstafar hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum í sjóði með sölu áður en eignarhald hefur staðið í þrjú ár. Ekki er hins vegar tiltekið hvernig fara skuli með þegar ráðstöfun á sér stað með öðrum hætti svo sem þegar sjóð er slitið eða arfleiðsla á sér stað innan þriggja ára tímamarksins. Skoða þyrfti því hvort ástæða sé til að endurskoða ákvæðið hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Unnur Gunnarsdóttir
varaseðlab.stj. fjármálaeftirlits

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Unnur Gunnarsdóttir

Kennitala: 0202574159

Tími: 03.12.2020 10:28

Samþykkt

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Páll Friðriksson

Kennitala: 1001815769

Tími: 03.12.2020 10:56

Samþykkt

Undirritað með 